



Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 19. febrúar 2014 kl. 10:25-11:10 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Nefndi úrbætur sem hafa verið gerðar frá síðasta opna fundi, m.a. er kominn posi í mötuneyti nemenda og þráðlaust svæði um mest allan skólann.

Tinna Arnardóttir og Fríða Gylfadóttir í Imbrunefnd kynntu Imbruna og sýndu kynningarmyndband. Allir nemendur eiga að velja sér þrjá atburði og þemað í ár verður Brasilía.

Formaður leikfélagsins sýndi stutt kynningarmyndband um fyrirhugaðan söngleik: Beetlejuice.

NFFG sýndi stutt kynningarmyndband um árshátíðina.

Nemendur hvattir til að vera snemma í því að kaupa miða í matinn á árshátíðinni þar sem færri komast að en vilja.

K.Þ. – Komið að spurningum úr sal.

F.sp. – Verður verkfall?

K.Þ. –Kosning um verkfallsboðun fer fram í þessari viku svo það er ekki hægt að svara þessari spurningu. Samningaviðræður eru í gangi og ekki búið að boða verkfall. Nemendur eru hvattir til að nýta tímann vel fram að hugsanlegu verkfalli.

F.sp. – Verða prófin á prófatíma samkvæmt dagatali?

K.Þ. – Ekki hægt að svara þessu.

F.sp. – Fær ákveðinn nemandi (ekki nafngreindur hér) að mæta á árshátíðina?

P.B.J – Svörum ekki spurningum um ákveðnar persónur hér. Ítrekar edrúpottinn og að það verður iPhone í vinning fyrir einn heppinn sem hefur blásið í áfengismæli og verið edrú á öllum böllum. Ölvun er ekki í lagi á böllum. Tóbaksnotkun hefur aðeins aukist í skólanum – lögum það og verðum stolt af skólanum okkar tóbakslausum.

Form. NFFG. – Ásrhátíðin verður til kl.2:30. Útvarpsvika í næstu viku í tengslum við Imbruna.

Kynningarmyndbandið sýnt aftur.

Takk fyrir þátttökuna, fundi slitið.

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri